



Opnun fjallvega

Hvenær opnast fjallvegir?

Hvað ræður opunardegi fjallvega?

Hvernig veit ég hvaða fjallvegir eru opnir?

Umferð um hálendi Íslands hefur aukist verulega á undanförunum árum. Það stafar helst af auknum frítíma, betur búnum jeppum og miklum áhuga á ferðalögum allt árið um kring.


Opnun fjallvega

Hálendi Íslands telsta það land sem er yfir 300 metra hæð yfir sjó. Veðurfar er þar rysjótt og venjulega er hálendið þakið snjó langt fram á sumar. Snjóalög ráða mestu um opnun fjallvega. Bleyta í vegum getur einnig valdið því að vegir opnast seint.

Þar sem fjallvegir liggja um fríðlýst svæði er mögulegt að þeir séu ekki opnaðir fyrr en svæðið er talið hæft til þess að taka við ferðamönnum, þrátt fyrir að vegirnir séu orðnir auðir og geti borið umferðina.

Ástand fjallvega

Síðan 1989 hafa Vegagerðin og Umhverfisstofnun gefið út kort yfir ástand fjallvega, þau kom út á vorin og fram eftir sumri á meðan einhverjar leiðir eru lokaðar.



Slóðin á kortin er: <http://www.vegagerdin.is/ferdaupplýsingar/fjallvegir> Auk þess gefur þjónustudeild Vegagerðarinnar upplýsingar um ástand vega, þar á meðal fjallvega, í síma 1777.

Hætta á skemmdum

Á vorin, meðan snjó er að leysa og frost er að fara úr jörðu, er mikil hætt á skemmdum á vegum og gróðri. Þetta stafar helst af ótíma-bærri umferð og því, að ekið er utan vega til að krækja fyrir skafla. Einnig getur verið hætt á skemmdum þegar reynt er að koma vélsleðum á snjó að vorlagi.

Sumar á hálendinu er aðeins um einn og hálfur mánuður og vaxtartími gróðurs er að sama skapi stuttur. Gróður er því lágvaxinn og mjög viðkvæmur fyrir öllu raski. Umferð gangandi fólks getur jafnvel skilið eftir sig varanleg merki á gróðrinum. Förm því varlega og sýnum landinu virðingu.

Í þessari töflu eru upplýsingar um opnunardaga helstu fjallvega landsins og hér fyrir neðan er kort sem sýnir hvar viðkomandi vegir liggja. Fyrstu tveir dálkar töflunnar sýna hvenær árs á undanförunum 5 árum fjallvegir hafa fyrst verið opnaðir og hvenær síðast. Þriðji dálkurinn sýnir meðal opnunardaga á þessum árum. Raunverulegur opnunardagur getur þó orðið annar, þar sem veðurfar og snjóalög á hálendinu ráða mestu um hvenær vegir teljast vera orðnir færir. Nánar upplýsingar um opnun fjallvega birtast á kortum Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar, sem gefin eru út á vorin og birtast á vef Vegagerðarinnar. Einnig veitir þjónustudeild Vegagerðarinnar nánari upplýsingar um ástand vega í síma 1777.

Hálandisleiðir 2019 - 2023	Opnun í fyrsta lagi	Opnun í síðasta lagi	Meðaltal
Lakagígar, F206	12.06	01.07	19.06
Fjallabaksleið nyrðri, F208			
1. Sigalda - Landmannalaugar	24.05	23.06	10.06
2. Laugar - Eldgjá	14.06	08.07	27.06
3. Eldgjá - Skaftártunga	01.06	26.06	11.06
Fjallabaksleið syðri F210			
1. Keldur - Hvanngil	21.06	15.07	27.06
2. Hvanngil - Skaftártunga	23.06	13.07	03.07
Landmannaleið (Dómad.) F225	28.05	26.06	15.06
Emstruleið, F261	21.06	15.07	02.07
Kjalvegur, 35			
1. Gullfoss - Hveravellir	24.05	12.06	06.06
2. Hveravellir - Blönduvirkjun	22.05	14.06	06.06
Sprengisandur, F26			
1. Hrauneyjar - Nýidalur	21.06	13.07	04.07
2. Nýidalur - Bárðardalur	21.06	13.07	04.07
Skagafjarðarleið, F752	21.06	13.07	04.07
Eyjafjarðarleið, F821	23.06	24.07	09.07
Öskjuleið, F88			
1. Inn að Herðubreiðarlindum	14.06	01.07	22.06
2. Herðubreiðarlindir - Dreki	14.06	01.07	22.06
Öskjuvatnsvegur, F894	14.06	06.07	25.06
Hólsfjallavegur, F864	30.05	29.06	11.06
Kverkfjallaleið, F902	14.06	30.06	23.06
Arnardalsleið, F905	13.06	30.06	20.06
Austurleið, F910	14.06	26.07	10.07
Kaldadalsvegur, 550	04.05	13.06	26.05
Uxahryggjavegur, 52	16.04	05.05	30.04

